

**170. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
6. september 2021 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Margrét Helga Ísaksen varamaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs. Bæjarstjórn fékk boð um að sitja sem áheyrnarfulltrúar undir þessum fundarlið. Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson hjá Andrúm arkitektum sátu fundinn.

Kynning á tillögum arkitekta frá Andrúm á endurbótum á þremur inngöngum í Grundaskóla.

Skipulags- og umhverfisráð og Skóla- og frístundaráð þakka góða kynningu frá hönnuðum Andrúm arkitekta.

Ráðin samþykkja að óska eftir frekari hönnun og kostnaðarmati á tillögum á þremur inngöngum í Grundaskóla.

Gert er ráð fyrir að endurbæturnar haldist í hendur við fyrri tillögur Andrúms arkitekta varðandi endurbætur á C-álmum og stjórnunarálmum í Grundaskóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.